



FRÉTTABLAÐIÐ

Undirbúa fyrstu vetnisstöðina fyrir þungavinnu

Hyllir undir nýtt skref í orkuskiptum landsmanna. Eftir miklu að slægjast í umhverfislegu tilliti.

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Íslenskt fyrirtæki hefur gert fjármögnunarsamning við þýskan innviðasjóð í umsjón Prime Capital AG um uppbyggingu vetnisinnviða hér á landi. Um mjög stóra fjárfestingu er að ræða, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Félagið, Vetnis Iceland, stefnir að uppsetningu profukerfa næsta ár. Markmiðið er að undirbyggja innleiðingu á afhendingu eldsneytis fyrir hundruð atvinnutækja, svo sem strætisvagna, rútur, trukka og dráttarbíla.

Auðun Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að vetnisvædd þung atvinnutæki verði losunarlaust. Starfrækt verði tækjaleiga til að hjálpa fyrirtækjum sem vilja minnka losun. Fram til þessa hafi stór atvinnutæki hér á landi nær alfarið gengið fyrir dísilolíu.

Uppbyggingin er fyrirhuguð í samvinnu við Samskip og fleiri fyrirtæki. Stefnt er að því að vetnisafgreiðslustöð verði á hafnarsvæði Faxaflóahafna í Kjarlavorgi. Verkefnið yrði hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og styður við innleiðingu fyrstu stóru atvinnutækjanna sem keyra á grænu vetni.

Miðað er við að vetnið yrði framleitt úr hreinu íslensku vatni og



Ætla má að notkun vetnis í samgöngum hér á landi geti sparað 200 til 300.000 tonn af CO2 á ári.

hreinna íslenskri raforku með rafgreiningu. Vetni hentar að sögn Auðunar betur sem orkugjafi fyrir þyngri og stærri ökutæki sem keyra langar vegalengdir þar sem rafhlöður eru óhentugar vegna eigin þunga og hleðslutíma.

„Innviðir til að hlaða stór tæki kalla á gríðarlega öflugra tengingu,“ segir Auðun.

Rafhlöður hafa reynst hentugar í minni rafbíla en ef lítið er til áætlaða bílaframleiðenda bendir að sögn Auðunar margt til að innan tíðar verði minni ökutæki að stærstum hluta rafdrifin með rafhlöðum, en stærri flutningatæki aðallega rafdrifin með vetni.

Heildarlosun CO2 á ábyrgð íslenskra stjórnvalda er þrjár milljónir tonna á ári. Þar af er um ein milljón tonna á ári frá samgöngum. Stórir flutninga- og fólksflutningabílar losa 250.000 tonn á ári.

„Ætla má að notkun vetnis í samgöngum hér á landi gæti sparað 200–300.000 tonn af CO2 á ári, eða allt að 33 prósent af losun í samgöngum,“ segir Auðun. ■

Þriðjungur Íslendinga segist trúa á álfa

ser@frettabladid.is


KÖNNUN Álfatrú virðist útbreidd á meðal Íslendinga ef marka má nýja könnun sem Prósent gerði í sumarbyrjun, en samkvæmt henni trúir 31 prósent Íslendinga á álfa, en 57 prósent segjast ekki gera það.

Ellefu prósent svarenda sögðust ekki vita hvort þau tryðu á álfa eða ekki og eitt prósent vildi ekki svara.

Áberandi fleiri konur trúa á álfa en karlar, 44 prósent kvenna en 27 prósent karla, og þá sýnir könnunin enn fremur að miðaldra og eldra fólk er trúgarnara í þessum efnum en yngra fólk.

Þá eru marktækt fleiri íbúar á landsbyggðinni sem trúa á álfa heldur en á höfuðborgarsvæðinu.

Úrtak könnunarinnar var 2.300 manns. Svarhlutfall 51,6 prósent. ■



Þetta fallega gullregn við Flókaötu í Reykjavík er í miklum blóma eins og gróður almennt í sumar. Guðriður Helgadóttir garðyrkjufræðingur segir það að þakka hlýindum síðla sumars í fyrra. „Það var mjög gott fræár í sumum tegundum í fyrra sem er vegna þess að blómgunin heppnast vel og síðan er seinni hluti sumarsins líka góður,“ útskýrir Guðriður. „Núna í ár er blómgunin ágæt en svo er að sjá hvernig verður með fræði sjálft.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Škoda Kodiaq Vinsæli ferðafélaginn!

Fjór hjóladrífinn, mjög vel útbúinn með 2.5 tonna dráttargetu

Verð frá 7.590.000 kr. — Eigum nokkra lausa bíla á lager!

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.hekla.is/skodasalur





Veði hófst í Elliðaánur í dag.

Góð júniveiði í Elliðaánur

gar@frettabladid.is

STANGVEIÐI „Það er mikið af fiski á svæðinu,“ segir Árni Kristinn Skúlason hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur um stöðu mála í Elliðaánur.

Veidin í Elliðaánur hófst að venju 20. júní og hefur farið vel af stað. Út júní veiddust 86 laxar sem er næstum því þrefalt meira en á sama tíma í fyrra þegar aðeins 32 fiskar veiddust. Í gær voru ríflega 170 laxar komnir upp fyrir teljarann sem er neðan við gömlu rafstöðina í Elliðaárdal. „Laxinn var seinna á ferðinni í fyrra,“ bendir Árni á.

Að sögn Árna hefur veiðst ágætlega á svæðum Stangaveiðifélagsins það sem af er sumri miðað við hvernig veiðin hefur farið af stað almennt. ■

Loksins skein sólin



Borgarfjarðar nutu veðursins í Nauthólsvík í gær þegar brast á með óvæntri blíðu þótt hitatölurnar hefðu vissulega mátt vera aðeins hærri. Talsverð bið verður eftir næsta blíuþegi í borginni ef marka má veðurspána en gert er ráð fyrir að skýjað verði og rigning næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Fólk þurfti að flýja skrudgöngu í úthverfi Chicago í flýti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mannskæð skotárás á skrudgöngu

benediktarnar@frettabladid.is

BANDARÍKIN Að minnsta kosti sex létust og yfir þrjátíu særðust í skotárás í úthverfi Chicago síðdegis í gær. Skotið var af þaki byggingar á skrudgöngu almennra borgara sem komu saman til að fagna þjóðhátíðardeginum 4. júlí.

Árásarmaðurinn var ófundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun

en lögreglan hefur lagt hald á skotvopnið sem fannst á vettvangi.

Árásarmaðurinn er sagður vera hvítur karlmaður, átján til tuttugu ára með sitt hár. Talið er að hann hafi verið einn að verki en rannsakendur leita nú bæði mannsins og mögulegra vísbendinga um hvar og hver hann gæti verið. Er meðal annars leitað að vísbendingum á samfélagsmiðlum. ■

MANIC PANIC N.Y.C.

Hárskolin fást hjá okkur

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

LeBron og Rebel Wilson hrifin af fegurð Drangeyjar

LeBron James, Rebel Wilson og Lindsey Vonn buðu af sér góðan þokka í ferð út í Drangey og áttu vart orð yfir náttúruferðina.

helgifannar@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Heimsfrægi körfuboltakappinn LeBron James var staddur á Íslandi á dögnum. Hér á landi heimsótti hann til að mynda Drangey í Skagafirði ásamt fríðu föruneysi.

Viggó Jónsson hjá Drangeyjarferðum ræddi við Fréttablaðið um upplifun sína af kappanum.

LeBron var hluti af hópi sem naut alls þess sem Drangey hefur upp á að bjóða. Hann var ekki sá eini heimsfrægi í hópnum. Skíadrottningin Lindsey Vonn og leikkonan Rebel Wilson voru einnig með í för.

„Þetta var svona hákarlaferð,“ segir Viggó léttur. Hópurinn hafi til að mynda farið á kajak og svo í jóga í fjörunni. „Þau skoðuðu eyna og svo var blásið til veislu. Þetta var mjög góður túr.“

Viggó hefur ekkert nema gott eitt að segja um upplifun sína af LeBron.

„Hann var mjög skemmtilegur, mjög vinalegur náungi. Það var rosalega skemmtileg upplifun að hitta þennan mann. Líka hvað hann er hægur, þrúður og skemmtilegur, þetta er bara indæll gæi. Það voru engir stjörnutælar eða neitt í þessu fólki, engu þeirra. Þetta er virkilega skemmtilegt fólk, þau gáfu sig alveg að öllu og höfðu áhuga á því sem við vorum að gera, það var gaman líka,“ segir Viggó sem kippti sér ekki mikið upp við að vera í kringum allt þetta fræga fólk. „Þetta er bara fólk sem er í fríi. Maður er ekkert að spá í hverjir eru frægir og ekki sem koma til Drangeyjar, þetta er allt sama fólkíð sem kemur hingað.“

LeBron, Vonn og Wilson þótti



Vel fór á með körfuboltamönnum Helga Rafni Viggóssyni, fyrirlíða Tindastóls, og LeBron James í Drangey á dögnum.

MYND/DRANGEY TOURS



Rebel Wilson var með í för og þótti að sögn mikið til Drangeyjar koma.

mikið til Drangeyjar koma, enda magnaður staður. „Þau áttu ekki til orð yfir hvað þetta er fallegt,“ segir Viggó. „Að keyra undir bjargið með þennan mikla fuglanið, þetta er náttúrulega eins og að keyra inn í símfóniútonleika.“

Helgi Rafn Viggósson, sonur Viggó, rekur Drangeyjarferðir ásamt föður sínum. Auk þess er hann fyrirlíði Tindastóls í körfubolta. Það var því eðlilega stór stund þegar hann hitti LeBron. „Það var gaman fyrir hann að hitta kónginn,“ segir Viggó.

Það er óhætt að segja að Viggó horfi sáttur til baka á kynni sín af LeBron og hinum stjórnunum. „Þetta var hápunktur sumarsins enn þá,“ segir Viggó hjá Drangeyjarferðum. ■

Škoda Kodiaq

Vinsæli ferðafélaginn!



ŠKODA

Eigum nokkra lausa bíla á lager!



Škoda Kodiaq er sneisafullur af staðalbúnaði og hefur slegið rækilega í gegn fyrir aksturseiginleika, tækni og snjalla hönnun. Með 2,5 tonna dráttargetu nýtur þú þess að ferðast um landið á fjórhjóladrifnum Kodiaq og endurnýja tengslin við það mikilvægasta í lífinu. Komdu í reynsluakstur og finndu hvað gerir Kodiaq að afburðargóðum kosti. Hlökkum til að sjá þig.

Škoda Kodiaq 4x4 2.0 / Dísil / Sjálfskiptur

Staðalbúnaður: Bakkmyndavél, stöðugleikastýring, hraðastillir, rafmagnsopnun á afturhlera, nálgunarvarar, LED ljósabúnaður, brekkuaðstoð og fleira.

Verð frá **7.590.000 kr.**

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á www.hekla.is/skodasalur

Fylgdu okkur @skoda



Vill fylgja fordæmi þingmanna í komandi kjarasamningum

ggunnars@frettabladid.is

KJARAMÁL Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir vel koma til greina að tengja laun á almennum markaði við vísitölu og fylgja þannig fordæmi æðstu ráðamanna. Hann sér fyrir sér að slík krafa verði tekin til alvarlegrar skoðunar í komandi kjarasamningum.

„Mér finnst það alveg blasa við. Þetta fyrirkomulag virkar vel hjá embættismönnum ríkisins. Af hverju ætti það sama ekki að gilda

á almennum launamarkaði?“ spyr Ragnar Þór.

Laun þingmanna, ráðherra, forseta Íslands og fleiri háttsettra embættismanna hækkuðu um tæplega fimm prósent í síðustu viku. Þingfararkaup hækkaði um rúmlega 60 þúsund krónur á mánuði og laun ráðherra um hátt í hundrað þúsund krónur. Vegna samninga sem fela í sér sjálfkrafa vísitölutengda launa-hækkun á hverju ári.

„Slík krafa myndi falla vel að okkar markmiðum um að tryggja



Af hverju ætti það sama ekki að gilda á almennum launamarkaði?

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



Formaður VR vill skoða vísitölutengingu launa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

kaupmátt. Það er alveg ljóst að atvinnulífið er ekki að axla sinn hluta af ábyrgðinni ef við skoðum arðgreiðslur stærri fyrirtækja og verðhækkunar og því verðum við að skoða alvarlega hvernig við getum náð okkar markmiðum.“

Ragnar segir eðlilegt að horfa til allra þessa leiða sem hafi gefist vel. „Ráðamenn hafa náð fram verulegum kjarabótum undanfarin ár og því ósköp eðlilegt að almennir launamenn fylgi þeirra fordæmi í sinni kröfugerð.“ ■

Dani sakaður um þrjú morð og sjö morðtilraunir

ragnarjon@frettabladid.is

DANMÖRK 22 ára danskur karlmaður, sem hóf skotárásina í verslunarmiðstöðinni Fields í Kaupmannahöfn um helgina hefur fengið stöðu sakbornings vegna þriggja morða og sjö morðtilrauna. Hann var í gær úrskurdaður í gæsluvarðhald til 28. júlí auk þess sem honum verður gert að gangast undir geðrannsókn eins fljótt og auðið er.



Minningarathöfn um þá sem létust verður haldin í Fields í kvöld.

Að sögn lögreglunnar stóð árásin í þrettán mínútur áður en maðurinn var yfirbugaður og handtekinn nálægt útgangi verslunarinnar.

Ekkert bendir til að maðurinn hafi átt vitorðsmann. „Það er ekkert sem bendir til þess að um skipulagt hryðjuverk sé að ræða,“ sagði Søren Thomassen, yfirlögreglustjóri Kaupmannahafnar, á blaðamannafundi í gær.

Minningarathöfn fyrir þá sem létust í árásinni verður haldin klukkan átta í kvöld við Fields-verslunarmiðstöðina. ■

LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með föðurnafn ferðamálastjóra, Skarphéðins Berg Steinarssonar, í frétt í blaðinu á laugardag. Þá birtist röng mynd með fréttinni. Bedist er velvirðingar á mistökunum. ■

Banvænn einmanaleiki breiðist út

Þegar vanmáttur breytist í reiði getur tímabundin valdefling skapað hættu fyrir aðra. Sálfræðingur segir árásina í Kaupmannahöfn vonandi stakt tilvik en að ekki sé hægt að útiloka smitunaráhrif frá fjölda-morðum í Bandaríkjunum.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Guðbrandur Árni Ísberg, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði, var staddur í Kaupmannahöfn þegar Dani á þrítugsaldri myrti fólk með skotvopni í verslunarmiðstöð á sunnudag. Hann segir ekki ólíklegt að gerandinn hafi af einhverjum ástæðum upplifað sig jadarsettan, vanmáttugan og fullan af skömm. Óvarlegt sé að alhæfa um hvort öryggi innan Evrópu kunni að vera á undanhaldi. Ekki sé þó hægt að útiloka evrópsk smitáhrif af reglulegum fréttaplutningi af morðum á almenningi í Bandaríkjunum.

„Það hafa ýmsar rannsóknir verið gerðar um skotárásir í Bandaríkjunum þar sem ungir karlmenn taka sig til, fara í skóla eða á aðra opinbera staði og skjóta eins og þeir geta. Langflestir eiga það sammerkt að upplifa sig utangarðs, þeir upplifa að þeir tilheyri ekki stærstum hluta samfélagsins,“ segir Guðbrandur Árni.

Sálfræðingurinn segir að þegar manneskja upplifi að henni hafi verið ýtt út á jadarinn fylgi því minnkun. Þá kvikni tilfinning sem við köllum skömm.

„Rannsóknir sýna mjög skýrt að engin tilfinning tengist ofbeldi jafn mikið og skömmin,“ segir Guðbrandur Árni. Sterkasta skammtilfinningin, niðurlægning, hefur djúpstæð áhrif á sjálfsmat og hug-



Drápin í Kaupmannahöfn hafa vakið mikinn óhug. Sérfræðingar leita skýringa á fjölda-morðum undanfarið, sem sumpart eru talin spretta upp úr samfélagslegum breytingum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Rannsóknir sýna mjög skýrt að engin tilfinning tengist ofbeldi jafn mikið og skömmin.



Guðbrandur Árni Ísberg, sálfræðingur

myndir einstaklings um eigið virði.

„Það sem er hættulegt við skömmina er að sumir einstaklingar bregðast við þeirri minnkun sem í henni felst með því að gripa til reiðinnar því hana upplifum við gjarnan valdeflandi og sem mót efni við minnkuninni,“ segir Guðbrandur Árni. Mörg dæmi séu um það í nánnum samböndum. Kannað hafi verið hvað gerist rétt áður en líkamlegu ofbeldi sé beitt. Oftar en ekki upplifi sá sem beitir ofbeldinu að hann sé einskis virði og vanmáttugur í aðstæðunum. Við að beita ofbeldi er viðkomandi aftur kominn við stjórnvölinn, sjálfsöryggi eykst og skömmin minnkar.

„Ofbeldi er óupbyggileg leið. En sumir nota hana í því skyni að endurreisa æru sína.“

Guðbrandur Árni segir erfitt að spá fyrir um hvort hrina skotárása í Bandaríkjunum gæti færst yfir í aðra heimshluta líkt og Evrópu. Þekkt sé að umfjöllun um sjálfsvíg kunni tímabundið að ýta undir hugmyndir þeirra sem eftir standa um að sjálfsvíg geti verið tækt úrræði úr vanda. Guðbrandur telur þó meira virði að ræða samfélagsbreytingar á hinu félagslega sviði og ekki sist einmanaleika sem vaxandi vanda. Þegar íbúar Vesturlanda voru í rannsóknum spurðir fyrir um 30 til 40 árum hve marga trúnaðarvini þeir ættu hafi svarendur að jafnaði nefnt tvo til fjóra vini. Nú sé orðið nokkuð algengt að fólk, og sérstaklega karlmenn, svari að það eigi engan trúnaðarvin.

„Langvarandi einmanaleiki er mikill streituvaldur og aukinn áhættuþáttur fyrir jafnt andlega sem líkamlega heilsu. Að upplifa sig einmana er til dæmis líkamlega skaðlegur fyrir fólk en að reykja pakka af sigarettum á dag. Það segir sitt um hina djúpu þörf okkar fyrir að tilheyra, að eiga heima meðal annars fólks.“

Guðbrandur Árni segir að sérfræðingar í hryðjuverkum hafi í mörg ár í ráðgjöf sinni til til stjórnvalda meðal annars lagt áherslu á mikilvægi þess að koma í veg fyrir jadarsetningu hópa.

„Vitað er að gerandinn í skotárásinni hér í Kaupmannahöfn hefur átt við andleg veikindi að stríða árum saman. Af hverju þau stafa hefur ekki verið gert opinbert en væntanlega er þessi hræðilegi atburður enn ein áminningin um þær afleiðingar sem geta orðið ef við erum ekki nógu vakandi fyrir velferð hvert annars og þeim þörfum sem við höfum til að geta verið í góðu andlegu jafnvægi,“ segir Guðbrandur Árni Ísberg. ■

RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

BJÓÐUM UPP Á 37"-40" BREYTINGAPAKKA

BILL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MED 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

ÚTSALA
40%
afsláttur
af útsöluvörum

ENGLABÖRNIN

KRINGLUNNI

Mathilda

Kringlunni
552 8600

HANZ

KRINGLUNNI
567 0120

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Verðtryggingin hafi svipt almenning ábata af þorskstríðinu

bth@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Verðtryggðar skuldir íslenskra heimila eru um þessar mundir um 1.550 milljarðar íslenskra króna. Miðað við verðbólgu síðustu 12 mánaða, 8,8 prósent, hafa skuldirnar hækkað um 136,4 milljarða króna vegna verðbólgu.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir áhugavert að útflutningsverð á helstu mikilvægustu fiskafurð

Íslands, þorskinum, hafi árið 2021 numið 136 milljörðum, nákvæmlega sömu fjárhæð og hækkan verðtryggðra skulda heimila hér á landi vegna verðbólgunnar nemur.

„Maður veltir fyrir sér til hvers hafi verið barist þegar við háðum þrisvar sinnum þorskastríð við Breta. Þetta eru raunveruleg verðmæti sem við fáum fyrir sölu út á þorski en á sama tíma erum við með verðtryggingu skulda íslenskra heimila sem skila fjármálakerfinu sömu upphæð og allur



Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness

þorskurinn okkar. Ég get ekki skilið þessa hagfræði en ég veit að hún er vond,“ segir Vilhjálmur.



Maður veltir fyrir sér til hvers var barist þegar við háðum þrisvar þorskastríð við Breta.

Hann segir galið að við höfum varið þorskstofninn fyrir ásókn erlendra ríkja til þess eins að verðtryggingin svipti burt ábata almennings, að pappírsmunir færist til í stað efnislegra fjármuna.

„Starfsmenn Landhelgisgæslunnar lögðu sig í stórhættu, við hættem lífi fólks til að verja þessa hagsmuni. Svo umbreytist höfuðstóll verðtryggðra lána vegna verðbólgu og allt brennur upp. Þetta er galið og gjörsamlega óverjandi,“ segir Vilhjálmur. ■

Engin mannekla og ekki búist við töfum á vellinum

ragnarjon@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Ekki er búist við neinum töfum á Keflavíkurflugvelli yfir sumarmánuðina vegna manneklu. Vel hefur gengið að manna allar stöður á vellinum að sögn Guðjóns Helgasonar, upplýsingafulltrúa Isavia.



Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia

„Það gekk afar vel að ráða fólk til starfa á Keflavíkurflugvelli í sumar. Okkur tókst að ráða í um 97 prósent stöðugilda,“ segir Guðjón og bætir við: „Á álagstímum er auðvitað mikil umferð um völinn eins og hefur verið. Við höfum nú, eins og undangengin sumur, hvatt farþega til að mæta snemma eða svona um þremur tímum fyrir brottför.“ ■



550 manns starfa hjá Fjarðaáli.

Konum fjölgar hjá Alcoa Fjarðaáli

ser@frettabladid.is

REYÐARFJÖRÐUR Konur í starfsmannaliði Alcoa Fjarðaáls í Fjarðabyggð hafa aldrei verið fleiri, en þær eru nú 27 prósent af heildarfjöldanum og hefur fjölgað um tvö prósentustig á síðustu tveimur árum.



Stefnt er að því að konur verði helmingur starfsmanna áður en langt um liður.

Starfsmenn álversins eru nú 550 og koma víða að af Austurlandi, þótt flestir þeirra búi í Fjarðabyggð.

Stjórnendur Fjarðaáls hafa lagt sérstaka áherslu á að fjölga konum á meðal starfsmanna álversins og stefna að því að þær verði orðnar helmingur starfsmanna þess í nánustu framtíð. ■

Segir fiskeldið eins og villta vestrið


Yfirlýst markmið fyrirtækisins Patagonia er að „bjarga plánetunni“. Eigandinn Yvon Chouinard fundaði í gær með forseta Íslands og ræddi fiskeldi í sjókvíum og önnur umhverfismál.

thorgrimur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Íslendingar hafa tækifæri til að gera það rétta í fiskeldismálum en þeir eru ekki að því núna,“ segir bandaríski fjallgöngugarpurinn, umhverfissinninn og milljarðamæringurinn Yvan Chouinard. „Á heimsvísu er fiskeldi að fara á sömu braut og landbúnaður, þar sem við höfum verið að gera þetta rangt ansi lengi. Núna erum við rétt farin að átta okkur á betri leiðum í landbúnaði. En fiskeldi er enn eins og villta vestrið.“

Chouinard er afar gagnrýninn á fiskeldi í kvíum og á fundi sínum með forseta Íslands í gærmorgun kynnti hann fyrir honum nýjar leiðir til að stunda fiskeldi á sjálfbærar og vistvænan máta. „Ég tek þátt í að hjálpa nokkrum landeiddisstöðvum í Kanada og Bandaríkjunum sem reyna að byggja á hringrásarhagkerfum,“ sagði hann. „Þar er reynt að mata fiskinn á úrgangi og forðast að skila úrgangi úr rekstrinum. Þessar eldisstöðvar eru ekki eins afkastamiklar og sjókvíar, en þær eru alveg sjálfbærar. Þær endurnýta allt vatnið og gefa af sér sterkari fiska án bætiefna.“

Chouinard telur að ef fleira fólk vissi hvað það væri að láta ofan í sig þegar það kaupir fisk úr sjókvíum myndi það súpa hveljur. „Verðið á fiskimjöli er orðið svo hátt að flestar þessar fiskeldisstöðvar hafa ekki efni á því,“ segir hann. „Þær fýðra fiskana með kjúklingi, erfðabreyttu korni og sojabánum til þess að þeir fái nóg prótein. En fiskar eiga ekki að éta svoleiðis. Maður fær ekki úr þeim



Yvon er vonlitill um að plánetunni verði bjargað.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Við erum með misheppnað lýðræði í Bandaríkjunum. Við eigum tveggja alda gamla stjórnarskrá sem virkar ekki lengur.

ómega-3 fitusýrur, heldur aðallega ómega-6, sem er vonda fitan.“

Þá segir Chouinard að fiskeldi í sjókvíum hafi neikvæð áhrif á sjávarútveg vegna samkeppni

greinanna um fiskifæði. „Kviarnar nota eitthvað af fiskimjöli, sem er gert úr smáfiskum. Þær fá þessa smáfiska úr hafinu og taka þannig fæði frá villtum fiskum. Þess vegna hafa fiskistofnarnir á vesturmiðum Bandaríkjanna og Kanada hrúðið. Svo eru þessir smærri og veikari kvíafiskar að fjölga sér með villfiskum og útþynna genamengið. Ef maður trúir á þróunarferli og náttúruval, þá erum við að snúa því við. Meðalstór kanadískur kóngalax var 30 til 50 pund en er núna bara tólf pund.“

Ég er svartsýnn á að okkur takist nokkurn tímann að bjarga þessari plánetu,“ segir Chouinard. „En hafandi stundað áhættuþróttir og oft lent í lífshættu hef ég eiginlega sætt mig við dauðann. Öll fyrirtæki leggja upp laupana og öll heimsveldi hrynja að lokum. Ég held að

maður verði bara að sætta sig við að við munum ekki bjarga ísbjörnunum. Þá þyrftum við að bjarga öllu loftslaginu. Ég held að ef ungt fólk vinnur að raunverulegum lausnum á orsökum frekar en einkennum á göllum samfélagsins geti það lifað jákvæðu lífi.“

Ég lit á Ísland sem dæmi um það sem má gera rétt þegar lýðræði stefnir í eina átt,“ segir Chouinard. „Mér þætti ómurlagt að horfa á Ísland verða eins og hvert annað þrotlýðræði. Við erum með misheppnað lýðræði í Bandaríkjunum. Við eigum tveggja alda gamla stjórnarskrá sem virkar ekki lengur. Ísland er elsta lýðræðisríki í heimi og það ætti að reyna að leggja á eitt til að stofna til nýrrar tegundar kapitalisma þar sem fyrirtæki vinna saman við að þróa hringrásarhagkerfi.“ ■

Úkraínnumenn draga upp fána sinn á Snákaeyju

ragnarjon@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Úkraínnumenn drógu upp fána sinn á Snákaeyju í dag eftir að rússneskir hermenn hörfuðu þaðan. Hart hefur verið barist um yfirráð eyjarinnar síðustu mánuði en Úkraínnumenn hafa lýst sig sigurvegara í átökunum.

Snákaeyja er mikilvæg í baráttunni um hafnaraðgengi að Úkraínu en Rússland hefur enn suðurhafnir landsins í herkví. Þannig getur Úkraína ekki enn flutt burt það korn sem situr fast í landinu.

Tyrknesk herskip stöðvuðu rússneska flutningaskipið Zhibek Zholy á sunnudaginn vegna gruns um að það inniheldi stolið korn. Ríkisstjórn Úkraínu hefur ásað rússneska hermenn um að stela matvælum frá þeim svæðum



Úkraínnumenn hafa dregið fána að hún á Snákaeyju.

MYND/LANDAMÆRAEFTIRLIT ÚKRAÍNU

sem Rússland ræður nú yfir. Enn stendur yfir rannsókn á því hvaðan kornið kemur þar sem það reyndist ekki merkt.

Þá hefur Vladímír Pútín lýst yfir sigri rússneskra hersveita í Lúhansk-héraði í austurhluta Úkraínu. Þetta gerist einum degi eftir að úkraínskir hermenn hörfuðu frá Lysytsjansvk sem var síðasta borgin í héraðinu undir þeirra stjórn. Volodímír Selenskij, forseti Úkraínu, hefur þó svarið þess eio að borgin muni aftur komast aftur í hendur Úkraínnumanna.

„Við munum snúa aftur, þökk sé herkænsku okkar og þar sem við eigum senn von á nýjum og betri popnum frá Vesturlöndum. Úkraína gefur ekkert upp á báttinn,“ sagði Selenskij eftir að borgin féll. ■

ÍSLAND KALLAR!

ALVÖRU LÚXUSJEPPI Í SUMARFRÍÐ!

Rexton hefur margsannað sig við íslenskar aðstæður. Hér er á ferðinni alvöru jeppi sem hefur allt til að bera. Hann er ríkulega búinn, fjórhjóladrifinn, 7 manna, lúxusjeppi með 3 tonna dráttargetu.

– Tilbúinn í allt sem Ísland hefur upp á að bjóða.

TIL AFHENDINGAR STRAX!



REXTON – ALVÖRU JEPPI!

- Byggður á grind
- Hátt og lágt drif
- Sparneytin dísel vél
- Læstur millikassi
- Sjálfstæð fjöðrun
- 7 manna
- Læst afturdrif*
- 3 t dráttargeta
- 5 ára ábyrgð

Rexton Premium: **8.790.000 kr.** (8 gíra sjálfskipting)

Langtímaleiga: **199.600 kr. á mánuði****

*Í Adventure og Ultimate

**Innifalið í langtímaleigu: Þjónustuskoðanir, dekk og dekkjaskipti, bifreiðagjöld og tryggingar.
Bíll á mynd: Rexton Ultimate með 33" hækkunarpakka.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingar. Bílabúð Benna og Sixt áskilja sér rétt til breytingar á verði og búnaði án fyrirvara.



benni.is

BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR SSANGYONG



Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Ib bílar
Selfoss
Fossnes A
Sími: 480 8080

Bb, betrí bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum





Gleðilegt Landsmót hestamanna

Viðtal við Baltasar Kormák á 66north.is

Hitler og Pútín



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Eftir innrás Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta í Úkraínu var farið að líkja honum við Adolf Hitler sem kallaður hefur verið holdgerving hins illa í nútímastjórnmalum. Myndir og áletranir sáust víða þar sem búið var að teikna á Pútín Hitlerskeggið alræmda og nöfn þeirra nefnd í sömu andrá. Mörgum fannst þetta of langt gengið. Pútín væri svo sannarlega valdasjúkur og hættulegur heimsfriðinum en að bera hann saman við Hitler sem gerðist sekur um Helförina og einhverja mestu glæpi sem framdir hafa verið gegn mannkyninu, væri líklega skot yfir markið.

En ef stórveldadraumar og yfirgangur Hitlers í aðdraganda síðari heimsstyrjaldarinnar eru skoðaðir má finna sláandi líkindi milli hans og Pútíns Rússlandsforseta. Báðir evrópskir einræðisherrar, sem veigruðu sér ekki við að láta myrða og fangelsa andstæðinga sína og nota óprúttinn áróður til þess að afvegaleiða umræðuna.

Hitler var æfur eftir ósigur Þjóðverja í fyrri heimsstyrjöldinni, taldi þjóðina niðurlægða og vildi gera Þýskaland að stórveldi á ný. Sömu sögu er að segja um Pútín eftir að Sovétríkin töpuðu kalda stríðinu og liðudust í sundur.

Árið 1938 hófst Hitler handa við að ráðast inn í nágrennalönd sín. Fyrst tók hann Austurríki, því næst Súdetahéröðin í Tékkóslóvakíu og síðan Tékkóslóvakíu alla – og komst upp með það án þess að styrjöld brytist út. Því næst tók hann Pólland árið 1939 en þá sögðu Bretar og Frakkar loksins stopp. Winston Churchill kom inn í bresku ríkisstjórnina, stefna hins sáttafulla Chamberlains gagnvart Hitler var látin lönd og leið.

Árið 2008 réðst Pútín inn í nágrennaríkið Georgíu og færði einhliða til landamæralínu milli Georgíu og Suður-Ossetíu og náði þar með yfirráðum yfir litlu en mikilvægu svæði undir olíuleiðslur sínar. Árið 2014 innlimaði Pútín Krímskaga sem var hluti af Úkraínu og í febrúar á þessu ári gerði herlið hans allsherjarnrás í Úkraínu.

Og nú hafa þau heimssögulegu tíðindi orðið að bæði Svíþjóð og Finnland, sem hingað til hafa viljað halda sig utan við Nató til þess að ögra ekki Rússum, hafa gengið til liðs við Atlantshafsbandalagið af ótta við Pútín.

Mun Pútín láta staðar numið hér eða halda áfram að sölsa undir sig nágrennalöndin eins og Hitler? Sérfræðingar telja það ólíklegt, her hans hafi ekki burði til þess. Meiri hætta sé á að kjarnorkustríð breiðist út til dæmis fyrir miskilningu eða slysi í svona eldfimu ástandi. Það er ekki mjög líklegt en það er ekki útilokað og það er skelfileg tilhugsun. ■

”
Mun Pútín láta staðar numið hér eða halda áfram að sölsa undir sig nágrennalöndin eins og Hitler?

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Ofborgað

Eins og kunnugt er leiðir ríkið sjálft nú launapróunina í landinu með því að yfirborga sérfræðinga á almennum markaði og ráða þá í þægilega innvinnu á stofnunum landsins. Einkageirinn kvartar sáran undan þessu, enda er hann að missa margt sitt besta og reyndasta fólk í faðm hins opinbera.

Af þessu tilefni spyrja menn sjálfa sig, ja, er nema von að báknið þenjst út af nauðsynlegu og ónauðsynlegu starfsfólki, því það er ekki einasta að ríkið borgi best heldur er það byrjað að ofborga starfsfólki sínu eins og fréttir síðustu daga vitna um.

Leiðtogi

Báknið stækkar og stækkar og hefur líklega aldrei haft það betra, en þá er ekki allt talið. Titlar innan hins opinbera eru að klárast – og nú hefur forsætisráðuneytið ráðið til sín, í fyrsta skipti, svokallaðan leiðtoga.

Það mátti ekki seinna vera, enda allir sérfræðititlarnir uppnir eftir að starfsmannafjöldinn varð slíkur að byggja þarf stórhúsi við hliðina á gamla tukhúsinu við Lækjargötu.

Aðeins fyrir aldarfjórðungi voru starfsmenn þess 25 að tölu, en eru nú 60. Og þá er einmitt tímabært að ráða leiðtoga. ■

Alþjóðlegt samhengi



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
fomaður
Viðreisnar

Í byrjun síðustu aldar var Háskóli Íslands stofnaður á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar. Það var ekki tilviljun.

Lokaskrefið í fullveldisbaráttunni var ekki langt undan. Eigin háskóli var vissulega ekki lögformlegt skilyrði fyrir fullveldi. En hann var hluti af þeirri sjálfsmynd sem við þurfum að halda til þess að stiga fram sem þjóð, sem bæði gat og vildi standa á eigin fótum í samfélagi þjóðanna. Að þessu leyti var Háskóli Íslands þjóðleg stofnun. En þekkingin lýtur ekki neinum landamærum. Hún er alþjóðleg. Þannig hefur það frá upphafi legið í eðli þessarar þjóðlegrar stofnunar að gera Ísland að lifandi landi í alþjóðasamfélaginu.

Ræða Jóns Atla Benediktssonar háskólarektors við brautskráningu kandidata á dögnum var skörp brýning um þetta sigilda hlutverk Háskólans. Rektor sagði þar:

„Afléiðingar stríðsins í Úkraínu hafa þannig minnt okkur á hve lítill heimur okkar er þrátt fyrir allt. Við sem deilum þessum hnetti erum í reynd ein stór fjölskylda svo mjög sem örlög okkar eru tvinnuð saman á ótal vegu. Við þurfum að huga að hinu alþjóðlega samhengi á öllum sviðum atvinnu- og þjóðlífs á Íslandi, um leið og við ræktum menningararfleifið okkar.“

Þegar stofnun Háskóla Íslands var ákveðin ríkti frelsi í alþjóðlegum viðskiptum, erlend fjárfesting var frjálst og Ísland var hluti af norræna myntbandalaginu. Einmitt úr þessu var grunnurinn að upphafi mestu atvinnubyltingar í sögu landsins gerður. Þetta var umgjörðin sem fósttraði hugmyndina um eigin íslenskan háskóla.

Nú meira en öld síðar erum við minnt á hversu mikilvægt það er að huga að hinu alþjóðlega samhengi á öllum sviðum atvinnu- og þjóðlífs. Innan ramma fjölþjóðlegrar samvinnu þurfum við að verja frelsi í viðskiptum og draga til okkar eðlilega og nauðsynlega erlenda fjárfestingu. Þetta gerum við að hluta með aðild að innri markaði Evrópusambandsins. Við eigum líka að ræða lokaskrefið til fullrar aðildar. Hún myndi aftur tengja okkur inn í alþjóðlegt myntsamstarf. Það yrði mikill styrkur fyrir grænu iðnbyltinguna, sem við horfum til, rétt eins og norræna myntsamstarfið reyndist föttesta atvinnubyltingar í upphafi síðustu aldar.

Þannig styrkjum við fullveldið. ■

”
En þekkingin lýtur ekki neinum landamærum.
Hún er alþjóðleg.

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

ALLT

ÞRIÐJUDAGUR 5. júlí 2022

KYNNINGARBLAÐ

HELLA
PAPARNIR
PÁLL ÓSKAR
HELGI BJÖRNS

HELLA
Landsmót
 — 2022 —
3. - 10. JÚLÍ
tix.is/landsmot

HELLA
Landsmót
 — 2022 —

3. - 10. JÚLÍ

Miðvikudagskvöld:
 Hlynur Snær og
 Sæbjörg Eva
 ásamt hljómsveit

Fimmtudagskvöld:
 Gunni Óla,
 Stefanía Svavars
 og
 Íris Buttercup
 ásamt hljómsveit

Föstudagskvöld:
 Páll Óskar
 Helgi Björns
 og
 Regína
 ásamt
 hljómsveit

Laugardagskvöld:
 Magnús Kjartan
 stýrir brekkusöng
 Paparnir

Vikupassar
Helgarpassar
Dagpassar

tix.is/landsmot



Landsmót hestamanna 2022 stendur nú sem hæst og er margt manna samankomið á svæðinu.

MYND/ÓLAFUR INGI ÓLAFSSON

Íslenski hesturinn í sviðsljósinu

Þessa dagana fer fram Landsmót hestamanna á Rangárbökkum á þjóðarleikvangi íslenska hestsins. Mótið er að þessu sinni haldið í 24. skiptið en fyrsta landsmótið var haldið á Þingvöllum árið 1950. Magnús Benediktsson er maðurinn bak við mótið að þessu sinni ásamt öfluggu starfsteymi hans. **2**

Magnús Benediktsson er framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna og hefur haft ástríðu fyrir hestamennsku frá blautu barnsbeini en hann tók þátt í sínu fyrsta Landsmóti 1986, aðeins þrettán ára gamall.

„Frá því ég var barn hef ég haft brennandi áhuga á hestamennsku og stundaði hana grimmt og keppti á Landsmótum sem var minn yndisauki og gleði. Ég fór síðan út í það að vera tamningamaður og starfaði sem slíkur til ársins 2005 en þá söðlaði ég um og fór að reka skemmtistað í Reykjavík. Það var gamall draumur sem mig langaði að láta rætast en þetta var stuttur tími. Við félagarnir rákum staðinn í þrjú ár, eða þar til staðurinn brann,“ segir Magnús sem sá að hestamennska var greinilega meira spennandi og gefandi fyrir hann. „Samband knapa og hests er líka svo einstakt, það er svo gefandi að vera með hestinum og tengjast honum.“

Í dag stundar Magnús ekki reiðmennsku af fullum krafti, meira svona sem hliðarsport. „Ég er aðeins að fikta við hrossaræktun og hef mjög gaman af henni. Mitt daglega starf er að ritstýra hestatímaritínu Eiðfaxa sem er einstaklega gefandi og skemmtilegt starf enda íslenski hesturinn einstakur í allri sinni dýrð.“

10. júlí helgaður ræktendum

Landsmót hestamanna var haldið á fjögurra ára fresti í fyrstu en fór síðan í að vera haldið annað hvert ár. Sökum Covid eru nú orðin fjögur ár síðan síðasta mót var haldið. Fólki þyrstir því orðið í Landsmót og þátttakan fer fram úr björtustu vonum. Fjöldi fólks leggur leið sína til að njóta þeirrar fótafimi og fegurðar sem íslenski hesturinn hefur upp á að bjóða.

„Landsmót hestamanna er haldið dagana 3.-10. júlí. Dagskráin er hin glæsilegasta og fjölbreytt og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Formlegri dagskrá á Landsmóts-svæðinu lýkur laugardagskvöldið 9. júlí og því er sunnudagurinn 10. júlí helgaður ræktendum íslenska hestsins. Þá verða margir ræktendur á Suðurlandi með opið hús fyrir gesti og gangandi. Það má með sanni segja að Landsmótið sé stærsti sýningargluggi íslenska hestsins og besta kynning sem knapi og/eða eigandi getur fengið fyrir hestinn sinn er að komast á Landsmót,“ segir Magnús.

Íslenski hesturinn nýtur gríðarlegra vinsælda

Enn fremur segir Magnús að fjöldi útlendinga komi hingað til lands til að mæta á Landsmótið og finna sér draumahestinn. „Í fyrra var metár í útflutningi á íslenska hestinum en á fjórða þúsund hrossa voru flutt út og við búumst við enn hærri tölu í ár. Vinsældir íslenska hestsins eru enn að aukast og engin breyting þar á í kortunum.“

Um helgina fylgdust um 1.000 manns með forkeppninni í upphafi móts í rjómabliðu en veðurfar skiptir miklu máli meðan á mótinu stendur. „Það hefur ótrúleg áhrif á mót sem þetta hvernig veðrið er. Þessa dagana er rjómabliða hjá okkur og spáin er góð og þegar svo er fyllist mótssvæðið af gestum, heilu stórfjölskyldurnar koma og mæta saman og njóta þess sem fyrir augu bar.“

Formleg setning mótsins verður á fimmtudaginn. „Þá verður mikið um dýrðir og mun forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heiðra Landsmótið með nærveru sinni.“

Íþróttakeppnin ný grein – 20 bestu hrossin

Mótssvæðið á Rangárbökkum skiptist í tvö svæði og er mön sem



Magnús Benediktsson er framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna sem fram fer þessa dagana á Rangárbökkum á Þjóðarleikvangi íslenska hestsins. Dagskrá mótsins er hin glæsilegasta og mikið verður um dýrðir.



Gæðingar láta ljós sitt skína á bökkunum.

MYND/KOLLA GRÉTARS

Landsmót hestamanna er haldið dagana 3.-10. júlí. Dagskráin er hin glæsilegasta og fjölbreytt og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

aðskilur þau. Um 50 metrar eru á milli svæða. Austan megin er hringvöllur þar sem allar hringvallargreinar fara fram og vestan megin er kynbótabraut þar sem kynbótadómar fara fram ásamt hópreið og mótsetningu. Öll dagskrá Landsmótsins fer fram á svæðinu austan megin á föstu-degi og laugardegi. Fyrirkomulag á kynbótasýningum hrossa á Landsmóti verður með svipuðu sniði og áður. Hollaröðun hrossa í hverjum flokki verður að mestu byggð á stafrófsröð þeirra en tekið verður tillit til rásröðunar hrossa á keppnisvelli.

Aðspurður segir Magnús að keppt verði í sömu greinum og áður en bætt verði við keppni í sporti. „Bætt hefur verið við



íþróttakeppni en hún fer þannig fram að 20 bestu hrossin af stöðulista vorsins, sem fengu 20 bestu einkunnirnar á vormótunum, koma inn á Landsmótið og keppa sín á milli.“

Hestamennskan í stórsókn hjá íslenskum fjölskyldum
Hestaferðir um íslenska náttúru hafa notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina og um þessar mundir



Stórfjölskyldurnar mæta til að fylgjast með keppninni.



Lifið á Landsmótinu, knapi með hrossið sitt úti í náttúrunni.



Sprett úr spori á Landsmóti hestamanna 2022.

MYND/KOLLA GRÉTARS

Við erum alltaf með hana fyrir augunum en það virðist alltaf vanta tilefnið til að heimsækja hana.

„Þar var heljarmikið þorp með 200 til 300 íbúum á fyrri helmingi 20. aldar,“ segir hann. „Þar var mikil útgerð og þetta var í raun olíuuppskipunarhöfn landsins. Það sést þó ekki í dag því fólk var hirðusamt og þegar þorpið fór í eyði voru flest húsin bara tekin niður og sett upp aftur í Reykjavík og má finna nokkur þeirra í Laugarneshverfinu og víðar.“

Mónakó norðursins

Þetta er sem sagt ansi mikil saga á hvern fermetra á þessari litlu eyju?

„Já, en þótt hún sé lítil þá hefur verið bent á að hún sé jafnstór og smárikíði Mónakó. Það er með fána og gott ef þau keppa ekki í Eurovision, svo það mætti alveg hugsa sér að hafa fríríki þarna,“ segir Stefán og ýtir undir draum Íslendinga um auðunnin stig í söngva-keppninni.

Þátttaka í göngunni er gestum að kostnaðarlausu en greiða þarf í ferjuna. Siglt verður stundvíslega frá Skarfabakka klukkan 19.15. ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Inga G. Guðmannsdóttir

áður til heimilis að Vesturbergi 21, Reykjavík,

lést á Hrafnistu Ísafold, miðvikudaginn 29. júní. Útförin fer fram frá Fella- og Hólaakirkju, þriðjudaginn 12. júlí, kl. 15.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnst hennar láti líknarfélög njóta þess.

Guðmann Elísson
Valborg Huld Elisdóttir
Úlfhildur Elisdóttir
Elsa Kristín Elisdóttir

Anne Katrine Hame
Björn Geir Ingvarsson
Snæbjörn Tr. Guðnason
Gunnar Viggósson
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahelli 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Þetta gerðist: 5. júlí 1983

George Bush heimsækir Ísland

Það var um fjögurleytið þann 5. júlí 1983 sem George Bush, þáverandi varaforseti Bandaríkjanna, kom til landsins í einkaflugvél ásamt eigin konu sinni Barböru. Á meðal þeirra sem tóku á móti honum voru Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra og Marshall Bremont, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, og hélt föruneytið í hátiðarmóttöku í bandaríska sendiráðinu við Laufásveg.

Mikill viðbúnaður var við sendiráðið af hálfu íslensku lögreglunnar og líf-



Mynd frá heimsókn varaforsétans.

varðasveitar varaforsétans. Í heimsókn sinni á heimili sendiherra sagði Bush í ræðu að þótt 100 styrjaldir hefðu verið háðar í heiminum frá því að NATO var stofnað þá hefði friður ríkt innan ríkja Atlantshafsbandalagsins.

Á sama degi var haldinn mótmælafundur á Lækjartorgi vegna komu varaforsétans. Frumkvæðið þar að baki átti El Salvadornefndin á Íslandi en auk hennar stóðu að baki viðburðinum Alþýðubandalagið, Fylkingin og Samtök herstöðvaandstæðinga. ■

Miklu meira en bara ódýrt



Loftpressur
mikið úrval



Hjólafesting
á bíl

frá 3.995



Viðgerðar-
kollur

9.995



Viðgerðarbretti

9.995



Jeppatjakkur
2.25T

19.999



Hjólattjakkur
2T m/tösku

5.795



Vélagálgi 2T

44.995



Vélastandur 500kg

14.995



AirBrush
loftdæla

19.995



1.995

Burstar
í borvél



6T Búkkar
605mm Par

12.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995
Hleóslutæki 12V 6A



Flugnanet
margar gerðir

frá 9.999



frá 795

Mikið úrval af
verkfæratöskum



Háprýstidælur

7.995

1/2 Toppasett



Jarðskrúfa

785



Steðjar í
miklu úrvali



14.995

1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk



5.995

Verkfærasett
108 stk



4.995


Skrall-lyklar 8-17



Vice Multi
angle

6.985

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél



Bón og bílavörur
í miklu úrvali



Fötur og
balar í miklu
úrvali



Verðmæta-
skápar

frá 4.995



Bensínbrúsar
5/10/20L
Plast/Stál



Barnaverkfærasett

2.985



Lím-
byssur

frá 995



Verkfærasett

4.995

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is



Pennslasett
10 stk.

999

Stigar og
tröppur í úrvali



Fjölsög
Höffttech

5.999



Rafmagnsvirtaliur
í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995

Súluborvél 350W



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Lengjudeildin í beinni** Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni.
- 20.30 Lengjudeildin í beinni** Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni.
- 21.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Sumarlandabrot**
- 13.15 Útsvar 2012-2013** Fjalla-byggð - Akranes.
- 14.10 Sænskar krásir**
- 14.20 Íspjóðin með Ragnhildi Steinunni** Helga Margrét Þorsteinsdóttir.
- 14.45 Matarmenning - Ofurfæði**
- 15.15 90 á stöðinni**
- 15.35 Í garðinum með Gurrý**
- 16.05 Lífsins lystisemdir**
- 16.35 Rætur** Innflytjendur á Íslandi.
- 17.05 Íslendingar** Hallbjörg Bjarnadóttir.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Hönnunarstirnir**
- 18.18 Frímó** Brenndu poppbauirnar og Sykurpúðarnir.
- 18.42 Matargat** Pizzaveisla.
- 18.50 Lag dagsins** Björk - It's Oh So Quiet.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Sumarlandabrot**
- 19.45 Lausafé Cash** Dönsk heimildarpáttaröð um áhrif heimsfaraldurs af völdum COVID-19 á lífsviðurværi fólks víða um heim.
- 20.30 Fiskilíf Fiskeliv**
- 21.05 Leigjendur óskast Stath Lets Flats**
- 21.30 Lífið heldur áfram Mum**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Njósnið í Berlin** Berlin Station
- 23.15 Flateyjargátan** Jóhónnu eru allar þjargir bannaðar og hennar eina von virðist vera að leysa gátuna. Hún neyðist til þess að brjóta farbannið þegar hún og Kjartan eru viss um að hafa fundið svarið. Brynjar svífst einskis til að ná fram vilja sínum og uppgjör er óumflýjanlegt.
- 00.05 Dagskrárlök**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 The Neighborhood**
- 15.25 George Clarke's Old House, New Home**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 mixed-ish**
- 19.40 Ghosts**
- 20.10 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby**
- 21.05 Bull**
- 21.55 Evil**
- 22.40 Love Island**
- 23.25 The Late Late Show**
- 00.10 FBI**
- 00.55 The Rookie**
- 01.40 Chicago Med**
- 02.25 Rules of the Game**
- 03.25 Love Island**
- 04.10 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Claws**
- 10.05 Call Me Kat**
- 10.25 Shark Tank**
- 11.10 Home Economics**
- 11.30 Sporðaköst 7**
- 12.10 30 Rock**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 The Great British Bake Off**
- 13.50 The Masked Singer**
- 14.55 The Greatest Dancer**
- 16.10 Grey's Anatomy**
- 16.50 The Good Doctor**
- 17.25 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.50 Hell's Kitchen** Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsay tekur á móti nýjum hópi.
- 19.30 Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 20.00 Saved by the Bell**
- 20.30 Last Man Standing**
- 20.50 The Goldbergs**
- 21.15 Magnum P.I.**
- 22.00 Æði**
- 22.20 Unforgettable**
- 23.00 Coroner**
- 23.40 The Pact**
- 00.35 Supernatural**
- 01.20 The Mentalist**
- 02.00 Claws**
- 02.45 Shark Tank**
- 03.30 Home Economics**
- 03.50 30 Rock**

Tveir veitingastaðir á Akureyri heimsóttir

Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili leggur leið sína til Akureyrar í kvöld og heimsækir tvo veitingastaði. Aurora sem staðsettur er á Icelandair hótelinu en þar hafa veitingastjórnin Sesselia Agnes Ingvarsdóttir og nýi yfirkokkurinn Sindri Freyr staðið í ströngu og töfrað fram nýja kokteila og matseðil með sumarívafi og skemmtilegum nýjungum. Einnig heimsækir Sjöfn veitingastaðinn RUB 23 en maðurinn að baki staðnum er Einar Geirsson matreiðslumeistari sem hefur áralanga reynslu í veitinga- og matreiðslugeiranum.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 fagurgali
5 óheft
6 hljóm
8 glófi
10 snæði
11 nöldur
12 gáski
13 prufa
15 torfarinn
17 hékk

LÓÐRÉTT

- 1 ýkjur
2 ómerkilegt
3 slæða
4 brennividd
7 sættir
9 refsing
12 hyggjast
14 kvísl
16 rák

LÁRÉTT: 1 oflof, 5 frí, 6 óm, 8 hanski, 10 et, 11 töl, 12 æsl, 13 máta, 15 líffær, 17 lafól. LÓÐRÉTT: 1 ofhermi, 2 frát, 3 lín, 4 fókus, 7 miðlari, 9 straff, 12 æta, 14 áll, 16 æð.


Sudoku

	6		2	9		7	1
4			7	8	9	5	
	5		6	4			
		6		1		3	
	2						
8	4	7		6			5
			9	6	3	1	7
		4		7		8	
9			8	2			

			8		3	9	2	
5	7					8		
			1	2				
		5			9			
		4		7				2
6						3		
		6					4	
3	5				8		6	
9								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Tillaga að Svæðisskipulagi Austurlands

Tillaga að svæðisskipulagi fyrir Austurland til ársins 2044 verður birt til kynningar og athugasemda á vef Austurbrúar og í samráðsgátt stjórnvalda 7. júlí.

Í tillögunni er sett fram sameiginleg stefna sveitarfélaganna í landshlutanum á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar með það að markmiði að Austurland verði æ betra til búsetu, atvinnu og ferðalaga.

Öllum er frjálst að senda inn umsagnir og þeim skal skila inn rafrænt í samráðsgátt (samradsgatt.island.is) eða á netfangið

svaedisskipulag@austurbru.is fyrir 20. ágúst 2022. Auglýsing tillögunnar og tilheyrandi umhverfismatsskýrslu er á grundvelli 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Nánari upplýsingar um Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044: austurbru.is

Svæðisskipulagsnefnd SSA



Peter Brook við afhendingu heiðursverðlauna prinsessunnar af Astúrias í Oviedo á Spáni 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hlýr og djúpvitur leikhúsmáður sem hafði mikil áhrif

tsh@frettabladid.is

Breski leikstjórinn Peter Brook lést um helgina 97 ára að aldri. Brook var einn áhrifamesti leikhúsmáður heims og eru sýningar hans á borð við Mahabharata og fræðirit hans Tóma rýmið kennd í leiklistarskólum víða um lönd. Brook var listrænn stjórnandi Royal Shakespeare Company í Stratford og stofnaði tilraunaleikhúsið Bouffes du Nord í París.

Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri minnst Peter Brook sem djúpviturs og heillandi læri-meistara en þeir hittust þegar Magnús var við nám í Bretlandi á 10. áratug síðustu aldar.

„Það var nú reyndar bara tvisvar sem ég hitti hann sem ungur leikstjórnarnemi, fékk tækifæri til að bæði sjá sýningar hjá honum og hlusta á hann tala um leikhús og svo í framhaldi að spjalla við hann. Það var mikil upplifun,“ segir Magnús Geir sem var staddur í fjölskyldufrii á Grikklandi þegar blaðamaður náði tali af honum.

„Þegar ég hitti hann var hann alveg einstaklega gefandi og hlýr eins og hann virðist alltaf hafa verið. Hann sýndi mér, kornungum manningnum þarna, mikinn áhuga, gaf sér tíma og var afskaplega hvetjandi og góður við mann sem var að feta sín fyrstu skref á þessari leikhúsbraut.“

Magnús lærði leikstjórn við Bristol Old Vic Theatre School og fékk tækifæri til að sjá nokkrar af sýningum Brook á árunum 1993-1995. Hann segir verkið The Man Who sem byggir á þekktri bók eftir breska taugalækninn Oliver Sacks hafa verið einna eftirminnilegast.

Að sögn Magnúsar gætir áhrifa Peter Brook víða í leikhúsheimnum í dag og nefnir hann sem dæmi breska leikstjórnann Simon McBurney, stofnanda Complicité-leikhópsins, en þjóðleikhúsið vinnur nú að sýningu í samstarfi við hann fyrir komandi leikár.

„Það er í raun alveg magnað hvað hann hefur haft mikil áhrif á marga, þegar verið er að fara yfir leiðandi leikstjóra í dag,“ segir Magnús. ■



Ég missti mína móður 2016 og einhvern veginn kom þetta bara til mín.

Díana Sjöfn



Erfitt að opinbera sínar innstu hugsanir

Díana Sjöfn skrifar um móðurhlutverkið frá ólíkum hliðum í ljóðabókinni Mamma þarf að sofa. Þar tekst hún meðal annars á við tilfinningar sínar gagnvart því að missa móður sína og það að verða sjálf móðir.

Skáldið og rithöfundurinn Díana Sjöfn Jóhannsdóttir hefur sent frá sér sína aðra ljóðabók, Mamma þarf að sofa. Díana segir bókina vera töluvert frábrugðna fyrri ljóðabók hennar, Freyju sem kom út 2018 hjá Meðgönguljóðum, þótt stillinn og tónninn sé svipaður.

„Um fjöllumarefnin eru miklu þroskaðri. Í fyrri ljóðabókinni minni var þetta vöðu ungmennalegt, ást og djammíð, en núna fjalla ég meira um móðurhlutverkið. En ég er með svipaðan stíl sem er greinilega bara minn stíll, hversdagslegt myndmál og svona,“ segir hún.

Skrifaði í fæðingarorlofinu

Díana eignaðist dótturina Freyju árið 2020 og segir hún það að verða móðir hafa haft töluvert áhrif á skrif bókanna. Nokkrum árum áður hafði Díana misst móður sína og leitaði hún einnig í þá reynslu við skrifin.

„Ég missti mína móður 2016 og einhvern veginn kom þetta bara til mín. Ég var að skrifa í fæðingarorlofinu og það var gaman að detta í að skrifa ljóð inni á milli þess sem barnið svaf. Allt í einu kom sú hugmynd til mín að skrifa um þessi þrjú stig; æskuna, þegar ég var barn og átti móður, svo það að missa móður og loks það að verða móðir sjálf.“

Að sögn Díönu voru margar spurningar varðandi móðurhlut-



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

verkið sem leituðu á hana sem hún hefði viljað geta spurt móður sína um.

„Þegar maður verður móðir þá hugsar maður svolítið mikið til sinnar eigin móður og hvernig hún ól mann upp og hvað hún gerði. Það er margt sem ég fæ aldrei svar við. Margt sem ég kannski hefði viljað vita, eins og með brjóstagjöf,“ segir hún.

Úrvinnsla á tilfinningum

„Þetta er mjög persónuleg bók. Mér finnst ég flæða best og vera best þegar ég er mjög persónuleg. Í ljóðum allavega, ekki í skáldsögum,“ segir Díana.

Ásamt því að skrifa ljóð hefur Díana einnig sent frá sér skáldsögunu Ólyfjan, sem kom út 2019. Sú bók er þó töluvert frábrugðin hinum persónulega stíl sem einkennir Mamma þarf að sofa og önnur ljóð Díönu.

„Þetta var svolítið úrvinnsla náttúrlega. Á þessari sorg að missa mömmu og úrvinnsla á því að verða móðir. Það eru náttúrlega margar tilfinningar sem fylgja, sérstaklega þegar maður er í fæðingarorlofi og er að gera margt í fyrsta sinn.“

Minningar og gleymaska

Fannst þér erfitt að ganga svo nærri sjálfri þér í ljóðunum?

„Já, en stundum hefði ég kannski mátt fara nær. Svo fannst mér alveg smá erfitt eftir að bókinn kom út þegar ég fattaði að það eru allir að lesa mínar innstu hugsanir. Á sama tíma finnst mér það líka gott að geta notað ljóðlistina til að segja hvernig mér líður og það eru oft einmitt margar tilfinningar sem maður getur ekki sagt öðruvísi.“

Bókinn fjallar um stór þemu eins



Úr Mamma þarf að sofa

ég las það út úr himintunglunum
að einn plús einn værum við
ég kann ekkert í stærðfræði
né línulegum tilfinningaskala
en þegar við verðum þrjú
munu hjartahólfin sem geyma
þetta góða margfaldast

Í bókinni fjallar Díana um þrjár birtingarmyndir móðurhlutverksins; æskuna, það að eiga móður, það að missa móður og loks það að verða móðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Mamma þarf að sofa er önnur ljóðabók Díönu en hún sendi áður frá sér bókina Freyja.



Það er margt sem ég fæ aldrei svar við. Margt sem ég kannski hefði viljað vita.

Finnbogi með fleka á Húnaflóa

tsh@frettabladid.is

Finnbogi Pétursson myndlistarmaður opnaði sýninguna Flóa á Blönduósi síðasta laugardag í samstarfi við menningarbúíð Kleifar. Verkið er til sýnis í Hillebrandts-húsinu sem er eitt elsta tímurbús Íslands og stendur í gamla bænum á Blönduósi en hluti verksins er fleki sem mun reka um Húnaflóann.

„Blönduós og Húnaflóinn eru bara undir í þessu verki. Ég er með mannlausan fleka sem við erum að fara með út á Húnaflóa og um borð í þessum fleka verður búnaður sem nemur hreyfingar á flekanum og undirölduna,“ segir Finnbogi.

Upplýsingarnar úr flekanum

verða svo sendar í hið áður nefnda Hillebrandts-hús, sem er gamalt sjóhús, en þar verður annar búnaður sem tekur á móti upplýsingunum og umbreytir þeim.

„Þar er grænn 360 gráðu leysigeisli sem hallar sér eins og flekinn. Hann teiknar undirölduna og sjóndeildarhringinn í Húnaflóanum inn í fiskvinnsluhúsið. Ég er dálítið að setja fólk um borð í þennan fararskjóta sem hefur mikið verið notaður bæði á sjó og landi,“ segir Finnbogi.

Flekinn er í sjónlínu frá Hillebrandts-húsi og er verkið því til sýnis bæði á sjó og landi.

„Þetta er bara svona umbreyting á sjóndeildarhringnum,“ segir Finnbogi og bætir við að áhorfendur

sem koma í Hillebrandts-hús verði á vissan hátt settir í spor flekans á Húnaflóa.

Finnbogi Pétursson (f. 1959) er í hópi fremstu samtímalistamanna Íslands. Hann lærði myndlist í Myndlista- og handíðaskólanum á árunum 1979 til 1983 og stundaði framhaldsnám við Jan van Eyck Akademie í Maastricht á árunum 1983 til 1985. Hann hélt sína fyrstu einkasýningu í Time Based Arts í Amsterdam 1985 og hefur síðan haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum víða um heim. Finnbogi var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíringnum 2001. Sýningin Flói er opin til 14. ágúst í Hillebrandts-húsi. ■



Finnbogi Pétursson sýnir á Blönduósi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Flestir landshlutar eru nú setnir hinu sísvanga lúsmýi. MYND/ADSEND

Vopn gegn mannétandi mýflugum

ninarichter@frettabladid.is

Flugan stingur margan manninn hér heima og erlendis og bitin geta umbreytt í bólgu, mar eða jafnvel sýkingar hjá hinum óheppnustu.

Hér á landi er það hið alræmda lúsmý sem veldur mestum vandkvæðum en þessi vágstur mætti til landsins um 2015 og hefur nú dreifst um alla landshluta. Erendis eru það helst moskítóflugurnar sem herja á ferðamenn sem margir bólga illa með tilheyrandi kláða.

Ýmis ráð eru í boði til að fyrirbyggja bitin og einnig má bregðast við bitinu með meðulum og tækjum.



Við sjáum núna að þetta er töluvert fyrr á ferðinni en í fyrra. Ef við horfum á fólk í kringum okkur og söluna er þetta að dreifa sér á fleiri staði.

Elsa Jóhannsdóttir

„Við sjáum núna að þetta er töluvert fyrr á ferðinni en í fyrra,“ segir Elsa Jóhannsdóttir, vörustjóri hjá Lyfju. „Ef við horfum á fólk í kringum okkur og söluna er þetta að dreifa sér á fleiri staði,“ segir hún.

Elsa bendir á að vinsælustu lausnirnar séu Afterbite í penna- eða kremformi. Þá sé til græja sem heitir Mýbitsbaninn sem gefur frá sér hita. Sá útbítni setji græjuna yfir bitid og hitinn hafi áhrif á bólguna og kláðann. Hinir sérstaklega illa höldnu þurfi að grípa til bólgueyðandi stera. Elsa segir að armbönd sem innihaldi skordýrafælandi ilmoliur séu vinsæl fyrir börnin.

Til að verjast bitum megi nota fyrirbyggjandi spreng og skordýrafætur. „Algengustu staðirnir til að bera það á eru fætur og úlnliðir og bak við eyrun,“ segir Elsa. „Á þessi svæði sem eru helst að koma undan sænginni.“ ■

Létt fjör fyrir börn á öllum aldri á ljúfum og löngum sumardögum

ninarichter@frettabladid.is



Nauthólsvík

Þessi útivistarperla höfuðborgarbúa býður upp á alls konar skemmtun sem er óháð veðri. Það getur verið stórskemmtilegt að klæða sig í pollagalla á rigningardeg og taka með fötu og skóflu og leika sér í stærsta sandkassa höfuðborgarinnar sem er með ljósum sandi í ofanálag. Svo má setja sundföt og kúta í tösku og skella sér í pottinn eftir sandkastalabyggingu. Ekki gleyma nesti!

Kostir: Það er eitthvað sérstaklega róandi við að moka sandi og byggja úr honum. Djúppenkjandi týpurnar geta jafnvel skrifað ljód í sandinn ef þannig liggur á þeim.

Sumarfrí er tíminn fyrir grill og ferðalög og foreldra sem leita logandi ljósi að afþreyingu fyrir börnin sem felur ekki í sér útgjöld eða hrikalega langan undirbúning. Hér eru nokkrar hugmyndir að skjálousri skemmtun fyrir fjölskylduna sem njóta má í alls konar veðri, aðlaga að aldri og getu hvers og eins og útfæra um land allt. Góða skemmtun!



Bakað úr garðinum

Berjarunni eða rabarbarabeð býður upp á ýmsa möguleika, en hægt er að gera skemmtilegan dag úr því að sækja uppskeruna, vinna hana og baka úr henni. Slík iðja hentar börnum á öllum aldri. Það má pota ýmsu í bókur, á borð við jarðarberjauppskeru og berjauppskeru af ýmsu tagi.

Kostir: Það er smart að rækta sinn eigin mat og svo bragðast heimaræktuð uppskera að sjálfsögðu margfalt betur. Þetta lítur líka svakalega vel út á samfélagsmiðlum og þið gætuð uppskorið ansi mörg læk ef þið deilið myndum af afakstrinum!



Borðspil

Borðspil eru jafn margbreytileg og þau eru mörg og það eru til góðar sérverslanir með spil á höfuðborgarsvæðinu sem senda líka út á land. Mörg bókasöfn bjóða upp á spilaadstöðu og lána jafnvel spil. Þá eru loppverslanir og nytjamarcaðir líka sniðugur staður til að leita að spilum, og svo má auðvitað alltaf fá lánað eða skiptast á við vini og kunningja.

Kostir: Skjálous samvera sem hægt er að njóta í hvaða veðri sem er. Hafi krakkarnir aldur til má líka púsla saman stórt púsl, til dæmis sem helgarverkefni.



Lautarferð í Grasagarðinn

Að pakka niður fyrir lautarferð getur verið finasta skemmtun. Það er gott að taka með fleiri en eitt teppi til að sitja á og sólarvörn ef sólin skín. Grasagarðurinn er lifandi safn og börn á öllum aldri geta gleymt sér yfir fjölbreytileika trjáa og plantna sem þar er að finna. Það má taka myndir og teikna eftirlætis blómin þegar heim er komið, eða taka með skemmtilegar bækur og lesa saman. Lystigarðurinn á Akureyri, Skallagrímgarður í Borgarnesi og Fosslöt í Hveragerði eru fleiri dæmi um lystigarða á Íslandi.

Kostir: Grasagarðurinn auðvitað bráðhugguleg undraveröld og það nærir sálina að tengjast náttúrunni innan um grænan gróður.



Dorgveiðiferð við höfnina

Dorgveiðiferð er sannkallað ævintýri. Í mörgum bílskúrum leynist veiðistöng sem sjaldan er hreyfð. Síðan er hægt að nálgast barnvæn stangveiðiset á höfstilltu veði í veiðiverslunum. Við minnum á öryggismálin og bendum á að Reykjavíkurhöfn lánar börnum björgunarvesti án endurgjalds. Dós af gulum baunum er ágætis beita og fiskurinn við Reykjavíkurhöfn er ekki æskilegur til manneidis og því mælum við með að sleppa aflanum aftur í höfnina.

Kostir: Ódýr og skemmtileg leið til að eyða deginum að ónefndu fræðslugildinu þegar þarf að tegundargreina aflann.

Örn Árnason er afi nýrrar kynslóðar á hljóðbókum

ninarichter@frettabladid.is

Sóla Þorsteinsdóttir hjá hljóðbókariðanum Storytel segir hljóðseriur koma sterkar inn í sumar. Um er að ræða efni sem er sérstaklega skrifað fyrir hljóðbókaformið og síðan leiklesid af einum eða fleiri leikurum.

Möguleiki að minnka skjátíma Þá framleiðir Storytel Sögustund með afa, persónu Arnar Árnasonar sem skemmt hefur Íslendingum kynslóð fram af kynslóð. „Örn var hjá okkur í morgun að taka upp fleiri Sögustundir,“ segir Sóla.

„Hann er farinn að fá komment úti í bæ: Hey, ert þú þarna þessi Afi? Það hefur ekki gerst síðan min kynslóð var að horfa á afa á Stöð 2,“ segir Sóla og hlær.

„Við erum að gefa þetta út á laugardagsmorgnum, vegna þess að það er þessi klassiski tími barnaefnis í sjónvarpinu og þetta er svona möguleiki fyrir foreldrana til að minnka skjátímann í sumarfríinu.“

Sóla segir barnaefni vera í mikilli sókn á hljóðbókaformi. „Þetta er frábær ferðafélagi í fríid til að hlusta á í bílnum,“ segir hún og bendir á nýja hljóðseriur fyrir yngri hlustendurna sem kemur út á föstudaginn.



Örn Árnason var um þrítugt þegar persónan Afi fæddist.

MYND/STÖÐ 2

Það er Aha, fræðslusería fyrir börn eftir Stjörnu-Sævar Helga og Sigyn Blöndal sem Íslendingar þekkja úr




Sóla Þorsteinsdóttir

Stundinni okkar. „Fyrsti þátturinn er um kúk,“ segir Sóla, og það er ljóst að höfundum er ekkert manlegt óviðkomandi.

Höfundar fagna nýju formi Að sögn Sölu hafa krimmar alltaf

gert gott mót hjá Storytel og eru langmest-streymda efnið í dag. „Ljúflesturinn líka,“ bætir hún við. Þá séu hljóðseriur gríðarlega vinsælar. „Höfundar hafa sagt að það sé gaman að geta farið þessa leið. Við sjáum það líka þegar lesarar koma til okkar og byrja að lesa, að þeir þurfa að hugsa þetta allt öðruvísi en þegar þeir eru að lesa þetta í hugarum.“

Sóla er sjálf dugleg að hlusta og mælir eindregið með bókinni Söng Akkílesar eftir Madeline Miller. Íslensk þýðing Þórunnar Hjartardóttur er lesin af Hilmarí Guðjónsnyri. ■



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Í DAG ER ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345



Deep Purple og Billie Eilish trylla lýðinn á tónleikasumri

ninarichter@frettabladid.is

Tónleikasumarið 2022 er með besta móti enda hafa aðdáendur og stórstirni verið í sannkölluðum hátíðarspreng síðustu tvö árin. Margir listamenn verið iðnir við kolann í faraldrinum og bjóða því æstum tónlistarunnendum upp á nýtt og ferskt efni. Aðrir styðjast við eldri uppskriftir og gefa ljóntryggum aðdáendum tækifæri til að hlýða á gamla slagara.



Anne Clark sem notast við sviðsnafníð St. Vincent er þekkt fyrir listræn hamskipti í anda Bjarkar, Bowie og Madonnu. St. Vincent kom fram á Hinu sviðinu á Glastonbury-hátíðinni í lok júní og flutti lög af nýjustu breiðskífu sinni, Daddy's Home, undir fönk-áhrifum sem minna á David Bowie á Young Americans-tímabilinu, T-Rex og Sly and the Family Stone.




Bassaleikarinn Roger Glover (til vinstri) og söngvarinn Ian Gillan úr Deep Purple fluttu stærstu smelli bresku rokksveitarinnar á Tons of Rock tónlistarhátíðinni í júní. Deep Purple var stofnuð í London árið 1968 og hefur gengið í gegnum talsverðar mannbreytingar síðan þá en trommuleikarinn Ian Paice er eini stofnmeðlimur Deep Purple sem enn starfar með sveitinni.



Justin Hawkins úr bresku popprokksveitinni The Darkness kom fram á norsku rokktónlistarhátíðinni Tons of Rock í Osló í lok júní. The Darkness sló eftirminnilega í gegn árið 2003 með smellum á borð við I believe in a thing called love og Love is only a feeling, af plötunni Permission to Land sem tilnefnd var til Mercury-verðlaunanna. Smellirnir af plötunni óma enn í dag á öldum ljósvakans auk þess að vera fantavinsæl karóki-lög. Sveitin gaf út plötuna Motorheart í fyrra.

MYNDIR: FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Tvítugi Grammy-verðlaunahafinn og ofurstjarnan Billie Eilish á Glastonbury-hátíðinni á Englandi varð yngsti sóló-listamaðurinn til að loka kvöldi á hátíðinni, sem þykir einstakur heiður. Hún nýtti vettvanginn til að mótmæla harðlega nýföllum úrskurði Hæstaréttar Bandaríkjanna í þungunarrofsmálum. Hún söng þá næst lagið Your Power, sem fjallar um eldri menn sem misnota vald sitt, og tileinkaði lagið þeim sem þjást vegna úrskurðarins.



Robert Plant kom fram á Pyramid-sviðinu á Glastonbury-tónlistarhátíðinni í Glastonbury á Englandi. Í ár er haldið upp á 50 ára afmæli hátíðarinnar sem var sett á laggirnar árið 1970 en afmælinu var frestað tvö ár í röð vegna heimsfaraldurs kórónaveiru. Hátíðin var stofnuð af bónda á svæðinu, Michael Eavis, og er í dag stærsta tónlistar- og sviðslistaúthátíð í heimi.

Kennarinn sem spyr og spyr

ser@frettabladid.is

Gauti Eiríksson er grunnskólakennari, leiðsögumaður og sveitastrákur sem hefur afskaplega mikinn áhuga á íslensku náttúru í allri sinni dýrd. Og hann veit það manna best, bæði úr starfi og leik, að til þess að vita sitt lítið af hverju um landið okkar verður að spyrja spurninga, en það er aðdragandinn að því að nálgast svörin sem leitað er að.

Núna í vikunni er að fara í búið ný bók eftir kappann sem ber heitið Hvað veistu um Ísland? – og er það önnur bókin í flokknum, en bók með sama heiti kom út á síðasta ári og fékk góðar móttökur og sat á metsölulistum um tíma.

„Ég kenni náttúrufræði og stærðfræði í grunnskóla, en sú blanda ásamt óbilandi áhuga mínum á landafræði og jarðfræði hefur rekið mig áfram í þessu verkefni,“ segir



Gauti Eiríksson er sveitastrákur, leiðsögumaður og kennir náttúrufræði í grunnskóla.

MYND/ADSEND

Gauti og bætir því við að ekki saki í öllu þessu mengi að hann er sveitastrákur að vestan.

„Já, alinn upp í Reykhólasveit með útsýni yfir allan Breiðafjörð. Það situr í manni og hverfur ekki

úr huganum,“ segir Gauti sem er fæddur og uppalinn á bænum Stað í fyrrgreindri sveit.


Spurningabækur hans um Ísland eru í þremur erfiðleikaflokkum, skipt upp eftir landshlutum og eru ríkulega myndskreyttar. Þær eru hugsaðar sem fræðsla og afþreying fyrir alla aldurshópa.

„Þetta eru bækur til að læra á landið,“ segir Gauti enn fremur. „Ég hef alla tíð haft óheyrilega mikinn áhuga á örnefnum og staðhættum og það skilaði sér í fyrri bókinni, en í þeirri sem er að koma út núna blanda ég sögu og fréttæmum atburðum hvers staðar betur inn í skrifin.“

Og það liggur auðvitað beinast við að spyrja spurningamanninn í lokin hvaða staður á Íslandi sé ferurstur – og það stendur ekki á svari.

„Breiðafjarðareyjarnar, það er enginn spurning,“ segir Gauti Eiríksson. ■

Auglýsingaábyrgðingur – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



SUMARÚTSALA
BETRA BAKS
ER HAFIN

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
– EKKI MISSA AF ÞESSU –



20%
AF STILLAN-
LEGUM RÚMUM



20%
AF SÆNGUM
OG KODDUM



60%
AFSLÁTTUR

EXCLUSIVE TOPPER
Gæsadúnn. 90 x 200 cm.
Verð: 30.900 kr.
Nú 12.360 kr.
Einnig til í: 160x200 og 180 x 200 cm.

10-40%
AF HEILSUINNISKÓM



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK

KFC

BLAZIN' BOXMASTER

FULLKOMINN Á RÚNTINUM

STAKUR

1.599 kr.

Zinger kjúklingabringa, beikon, kartöfluskífa, ostur, kál, salsa og chipotle-sósa í mjúkri tortillu.



2.099 kr.

MÁLTÍÐ

Blazin' Boxmaster, 3 Hot Wings, franskar, gos og Risa Hraun.

Bakþankar

Péturs Georgs
 Markan



Pollar á Akureyri

Um helgina fór fram Pollamótið á Akureyri. Knattspyrnumót þar sem iðkendur hvaðanæva af landinu koma saman og iðka þá göfugu íþrótt. Stórir og litlir, leiknir og styttra komnir, saman á vellinum í sátt og samlyndi. Kannski ekki aðalatriðið að vinna – en gleðina og fjörglauminn má aldrei vanta. Hlegið að klaufangangi, hlustað á speki og dáðst að tóktum.

Ef einhver fer fram úr sér, skiptir snöggst skapi, fer ódslega í tæklingu eða gerir lítið úr mótherja, eru nærstaddir fljótir að skipta sér af. Sé ekki talað um ef áhorfendur fara að haga sér dýrslega. Þá er gripið snögglega í handbrennsuna. Skilaboðin eru skýr; svona gerum við ekki, hér erum við saman í gleði, sátt og samlyndi. Annað ekki í boði.

Svo er það þetta með sigurvegarana – það fer jafnan ekki hátt hverjir sigra eða jafnvel lyfta bikar við lok mótsins. Miklu frekar er hásininni, liðböndunum og krossböndunum þakkað þol-gæði og úthald við lok hvers leiks. Hugsað til þeirra sem ekki voru svo lánsamir og eru rétt í þessu að gúggla nafnið Brynjólfur, læknir, krossbandaðgerð.

Margir þessara keppenda og áhorfenda eru líka hluti af öðru móti, N1 mótinu, sem foreldrar og forráðamenn ungra drengja í 5. flokki. Þar eru auðvitað langflestir í framúrskarandi gír. Nú berast samt fréttir af því að þar hafi verið, á stundum, dálítið bröndóttar og leiðinlegar uppkomur. Það er alfarið á ábyrgð sárafárra foreldra. Vandamálið ætti að vera fljótafgreitt með skilaboðum Pollamótsins; svona gerum við ekki, hér erum við saman í gleði, sátt og samlyndi. Annað ekki í boði. ■

STILLANLEG HJÓNARÚM MEÐ BODYPRINT DÝNU



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ




**FRÍTT
 KAFFI**
 ALLAN HRINGINN



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIÐI 17-19,
 REYKJAVÍK
 S: 581 2233



BALDURSNESI 6,
 AKUREYRI
 S: 461 1150



ÓPIÐ:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
 LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
 BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR